

Í PVÍSA LJÓSI OG ÖDRU

Sögubrot.

In altera luce. — Cicero.

I

Ég hefi í kafla hér á undan komist svo að orði, sem hafi ég komist „nálega til helvítis“, og veit ég vel að slíkt er óvarlegt, enda mundi ekki hafa svo gert, ef áhugi minn á sannleikanum hefði verið nokkru minni. En þó sé ég, að betra er að nokkur skýring fylgi.

Ég hefi getið um, að ég fékk óráð, er ég var nýkominn heim úr rannsóknarferð, haustið 1910. Hófst það skrítilega. Mér varð, þar sem ég gekk um gólf í herbergi mínu, allt í einu bjartara fyrir augum en áður; var þetta um albjartan dag. Jafnframt þessu varð nokkur, og að vísu mjög skemmtileg breyting á meðvitund minni. Eftir nokkra stund varð svo birtan eins og áður, og fundust mér umskiptin mikil og ekki góð. Endurtókst þetta aftur og aftur, nokkra daga. Ekkert botnaði ég í því, hvernig á þessu gæti staðið, eins og ekki var heldur við að búast, því að eins og ég vissi síðar, höfðu margir slíkt reynt, eða eitthvað því líkt, en aldrei nokkur áttað sig á hvað um var að vera. En síðar skildist mér að ég hafði fengið samband við einhvern sem átti heima á jörð þar sem sól skín bjartar en hér hjá oss, og þó óefsað um eitthvert annað sólhverfi að ræða. Þessi íbúi annarrar jarðar ætlaði að fræða mig um mjög áríðandi efni, og veita mér þann stuðning í tilraunum mínum til að átta mig á tilverunni sem mikið hefði munað um. En þó fór þetta út um þúfur, af ástæðum sem ég skildi vel seinna. Margt var það undarlegt sem fyrir mig bar er ég var í þessu öðru ljósi, og eitt það, að ég þóttist vita af mönnum, sem saman voru komnir í einhverjum stað, sem ég ætla ekki að reyna að lýsa nánar, og ræddu af miklum áhuga um ástand og horfur á einhverjum fjarlægum stað, sem mér skildist síðar að var enginn annar

en vor jörð. En þetta var á jörð, þar sem þykir eins eðlilegt að fá tíðindi af öðrum stjörnum, eins og oss þykir að fá af öðrum löndum og heimsálfum; og mun oss þykja þetta síður undarlegt, ef vér hugleiðum þann mun, sem orðið hefir á tíðindaflutningi hér á jörðu, síðustu 100 árin. Og enn er hér ástæða til að minna á hvernig Swedenborg þykist eitthvert sinn verða þess var, að mikill fjöldi af öndum er samankominn í andaheiminum, og er þá talað til þeirra frá Himnaríki, sem er þó ekki lengra burtu en svo, að það sést sem hálendisbrún, fjarst út við sjónhring. Og þætti mönnum ekkert ótrúlegt nú, þó að þeim væri sagt að menn heyrðu suður á sléttum Indlands rödd frá Tibet.

II

Því miður mistókst þessi tilraun, sem verið var að gera til að koma mér í slíkt samband sem Swedenborg varð svo lengi aðnjótandi, og fyrst um sinn fór á þá leið, að í stað þess að verða í meira ljósi en áður, fór ég að verða í myrkri. Stafaði það af því — eins og ég skildi löngu síðar — að ég fékk hugsamband við einhvær sem átti heima á myrkurhlið bundinsnuðar jarðstjörnu, og var hugarástand hans ógurleg örvaenting. Hann var í hóp, sem var rekinn áfram hvíldarlaust, í undarlegri dimmu, sem aldrei létti af, um hin ömurlegustu öræfi. Þeir sem ráku, voru ekki mönnum líkir, svo ferlega ljótir voru þeir og illilegir. Hóuðu þeir mjög á þessa mannhjörð og voru hljóðmiklir — eins og segir um Glám — og hljóðin að því skapi ljót og hryllileg. Þegar ég svo síðar las sögu þá frá Víti, sem nokkuð greinir frá í kaflanum „Herfjötur“ hér áður, og þar sem Ward segir af dvöl O. í helvíti, eftir hans eigin frásogn, þá kannáðist ég vel við. Þetta var svo gagnlíkt því sem ég hafði sjálfur séð — að því er mér fannst — og ég gat gert mér nokkurn veginn ljósa hugmynd um örvaentingu hinna ógæfusömu manna, sem illar verur hröktu miskunnarlaust áfram um endalausar auðnir.

III

Þegar óráðinu létti af, og að vísu ekki án átaks af minni

hálfu, brá svo við að mér fór að verða mjög svefnsamt. Ég hafði í meir en 13 ár, eða síðan vorið 1897, aldrei verið útsof- inn, og hafði það oft verið erfið ævi. Nú var eins og ég ætlaði að geta bætt mér upp þetta mikla svefnleysi. Ég gat um tíma sofið bæði dag og nótt, árangurinn var sá, að þó að ég væri kominn á 40. ár, varð ég bæði að líkamsorku og viti, mun framar en nokkru sinni áður á ævi minni. Ég skildi glöggjt ýmislegt sem ég hafði árangurslaust eða lítið reynt til að skilja áður, og gat lyft þyngri byrðum, svo að ég hélt jafnvel að ég ætlaði að fara að verða sterkur eins og ýmsir forfeður mínir hafa verið. Eftir nokkrar vikur tapaðist þó þessi blessaður svefn, og þá minnkuðu aftur kraftarnir og vitið. En það var þó ekki árangurslaust sem mér hafði — í fyrsta, og að svo komnu, síðasta skipti á ævinni — fundist ég vera dálítið gáfaður. Mér virtist ég skilja sumt sem ég gat ekki orðið þess var að neinn hefði skilið áður, og má jafnvel segja, að rás viðburðanna hafi þegar leitt í ljós ótvíraðlega, að sá skilningur var réttur. Ég áttaði mig á því, hvernig á þessu óráði hafði staðið, og varð það fullkomlega ljóst, að fengi ég slíkt samband aftur, væri engin hætta á að ég mundi tapa jafnvæginu, og mundi ég þá geta sagt hinari furðulegustu sögur af lífinu á öðrum jarðstjörnum alheimsins. En það samband hefir ekki fengist aftur, og veit ég vel hvað veldur. Kemur þar fleira til en sljóleiki einn gagnvart kenningu minni. Maður sem á þessum undarlegu tímum hafði öðlast „dulrænar gáfur“ á háu stig, en hvorki hafði vit né innræti til að nota þær á réttan hátt, fór að fá hugsamband við mig, og beitti því á þann hátt, sem mér hefir orðið mjög til tafar og baga. Og má af því marka, hversu erfitt þetta hefir verið mér, að ég komst, nokkru fyrir stríð, svo að orði í einhverri grein, að líkast væri því sem vér hefðum andskotann mitt á meðal vor. En þó virðist ólíklegt, úr því sem komið er, að það verði andskotinn sem sigrar. En varla er það ofsagt, að oft hafi svo verið í sögu þeirrar þjóðar, sem án þess að burtflutningur hafi þar nokkru um valdið, var helmingi mannfærri um aldamótin 1800, en 600 árum áður.